

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um vegakerfi
og vegaframkvæmdir á Vesturlandi.

Frá Maríu Rut Kristinsdóttur.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við því að þjóðvegir 54, 56 og 60 eru að stórum hluta að verða ónýtir, nú síðast með verulegum bikblæðingum á vegum í febrúarmánuði 2025 og að á sama tíma hefur umferð um þá aukist verulega og fyrirséð er að hún aukist enn á komandi árum?
2. Telur ráðherra ástæðu til að endurskoða mat fyrri ráðherra er kemur fram í svari á þingskjali 1908 á 154. löggjafarþingi þar sem m.a. segir: „Að svo stöddu hafa ekki komið fram upplýsingar sem réttlæta breytingu á forgangsöröðun vegaframkvæmda í samgöngu-áætlun“? Hyggst ráðherra endurskoða forgangsöröðun vegaframkvæmda á Vesturlandi? Ef svo er, með hvaða hætti?

Skriflegt svar óskast.